

## MATARHLÉ



Arne Friðrik Karlsson, deildarstjóri á sambýlinu Prastarlundi, tekur áskorun Hafþórs Einarssonar um að birta uppskrift í þessu tölublaði. Arne skorar á Elfu Björk Gylfadóttur, forstöðukonu í heimajónustu B, að töfra fram uppskrift fyrir næsta blað.

Arne ásamt Fanndísi Eru, yngstu dóttur sinni, á fermingardaginn hennar í vor.

## KJÚKLINGUR Í KARRÝHAM (FYRIR FJÓRA)

### Hráefni:

### Aðferð:

4 kjúklingabringur í bitum.  
1 laukur, saxaður.  
1 stór paprika, söxuð.  
3-4 gulrætur, saxaðar (eða grænmeti eftir smekk).  
1 dós af kókosmjólk.  
U.þ.b. 1 dl. kókosmjöl.  
1-2 krukkr af Curry og hvidlök wok sauce, frá Exotic food.

Byrjið á því að brúna bringurnar á pönnu og setja þær í eldfast mót.  
Létsteykið síðan grænmetið og hellið því yfir bringurnar.  
Blandið saman kókosmjólinu, kókosmjólkinni og karrýsósunni og hellið yfir bringurnar og grænmetið.  
Bakist í 190° heitum ofni í 10-15 mínútur.  
Borið fram með hrisgrjónum og snittubrauði með Allioli (Aioli).

Einfaldur og fljótlegur réttur sem bragð er af!

## BOTNAHORNID

Í síðustu Króniku kastaði Davíð Hjálmar Haraldsson fram þessum fyrripart:

**Nú er svart um Suðurland en sólskinsbjart við Pollinn.**

Margir sendu inn ágæta botna en dómnafnd valdi framlag Margrétar I. Ríkardóttur, forstöðumanns á hæfingarstöðinni við Skógarlund/Birkilund:

**Flugvélnar flestar strand og fáir kom'a í tollinn.**

Fyrripartur þessa tölublaðs hljómar svona og botnið nú!

**Feiminn, ungan fyrripart fýsir botn að hitta.**

Sendið botna á akureyri@akureyri.is merkt "Botnahornið".

## GOTT AÐ VITA

Niðurstöður starfsmannakönnunar um heilsu, líðan og starfstengd viðhorf starfsfólks hjá Akureyrarbæ, liggja nú fyrir. Niðurstöðurnar voru kynntar fyrir stjórnendum á sérstökum fundi í Ketilhúsinu 25. maí síðastliðinn og þeirra verkefni er að miðla niðurstöðunum áfram til síns starfsfólks.

Svarhlutfallið í könnuninni var gott eða tæplega 64%. Um 55% svarenda höfðu starfað lengur en fimm ár hjá Akureyrarbæ, þannig að óhætt er að segja að starfsmannavelta hjá bænum sé lítil sem bendir til að starfsfólk sé almennt ánægt í starfi. Það sést líka á því að 88,1% starfsmanna eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Þegar á heildina er lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“. Stærsti hluti starfsmanna eða 76,4% er ánægður með stjórnun vinnustaðarins. Nær 80% starfsmanna eru ánægð með vinnuástöðu og stjórnun vinnustaðar síns og starfsandi og félagsleg samskipti á vinnustöðum eru almennt talin mjög góð.

Þó svo að starfsmannakönnunin gefi almennt til kynna að Akureyrarbær sé góður vinnustaður, gefur hún líka vísbendingar um ýmislegt sem betur mætti fara. Dæmi um það eru þættir sem varða upplýsingaflæði til starfsmanna og starfsmannasamtöl en 35% starfsmanna hefur ekki gefist kostur á formlegu starfsmannasamtali við yfirmann sinn sl. tvö ár. Á þessum þáttum verður tekið og til að mynda hefur strax verið ákveðið að fara í herferð næsta haust hvað varðar starfsmannasamtölin.

Til að vinna frekar með niðurstöðurnar hefur samstarfshópur verið myndaður sem hefur það hlutverk að rýna niðurstöður könnunarinnar í heild og koma með tillögur um umbótaverkefni í ljósi niðurstaðna.



Arctic Open fór fram á dögnum og tókst afar vel. Mynd: Jón Óskar.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir, Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprent

# Innanbæjar KRÓNÍKA

3. töl. 5. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR júlí 2010



Kátar stelpur í blíðviðri á leikskólanum Kiðagili.

## GERUM GÓÐAN BÆ BETRI

Kæru starfsmenn Akureyrarbæjar.

Kosningum fylgja yfirleitt breytingar en sjaldan höfum við staðið frammi fyrir jafnmiklum breytingum og í kjölfar nýafstaðinna sveitastjórnakosninga. Inn í bæjarstjórn koma nú átta einstaklingar af ellefu sem ekki hafa áður átt þar sæti og því óhætt að fullyrða að um afar mikla endurnýjun er að ræða. Það er okkur því mikilvægt að eiga gott samstarf við starfsfólk bæjarins því það erudi þið sem hafið reynsluna og kunnáttuna til að reka heilt sveitarfélag.

Síðustu vikur hafa verið okkur í L-listanum afar skemmtilegar og lærdómsríkar þar sem að við höfum átt spjall og samstarf við hina ýmsu starfsmenn bæjarins. Við erum afar þakklát því góða viðmóti og jákvæða anda sem við höfum fundið á meðal ykkar síðastliðnar vikur. Miðað við þau vinnubrögð og þann metnað sem við höfum fundið fyrir þá er framtíðin björt á Akureyri. Við í Lista fólksins erum samvinnufólk og leggjum mikið upp úr því að samvinna á milli allra aðila sé höfð að leiðarljósi því öll viljum við vinna bæjarfélaginu okkar til heilla. Þessa dagana erum við bæjarfulltrúar og nefndarformenn að leggja línurnar fyrir framhaldið og munum við nota komandi vikur til að koma okkur vel inn í starfið.

Við erum full tilhlökkunar eftir að takast á við komandi verkefni og við hlökkum mikið til að starfa með ykkur á komandi misserum og gera okkar góða bæ enn betri.

Geir Kristinn Aðalsteinsson,  
forseti bæjarstjórnar.

## GAMLA MYNDIN



Nú er spurt: Hver er á myndinni hér til hliðar og við hvað starfar þessi kona? Sendið okkur svör sem fyrst á netfangið akureyri@akureyri.is merkt „Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar“. Í verðlaun fyrir rétt svar er 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

Í síðasta blaði birtum við mynd af skátastúlku sem nú starfar hjá Akureyrarbæ og spurðum hver hún væri. Talsvert barst af réttum svörum en rangar tilgátur voru meðal annars að þetta væri Valgerður Skjaldardóttir, starfsmaður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, Hugrún Sigmundsdóttir, leikskólastjóri á Pálmholti, Stefánía Anna Einarsdóttir, starfsmaður á búsetudeild, Eyrún Eyþórsdóttir, hjúkrunarfræðingur, og Jóhanna Bára Þórsdóttir, starfsmaður hjá starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar.

Rétt svar er hins vegar að myndin er af Höllu Margréti Tryggvadóttur, starfsmannastjóra Akureyrarbæjar. Dreigið var úr réttum svörum og kom upp nafn Olgu Ásrúnar Stefánsdóttur, forstöðumanns í þjónustu- og félagsmiðstöð aldraðra í Víðilundi. Fær hún 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar að launum.



## FÁNÝTUR FRÓÐLEIKUR?

Ókeypis hefur verið í strætó frá og með 1. janúar 2007 og notkun fólks á vögnunum hefur vaxið jafnt og þétt. Farþega fjöldi var 330.000 árið 2007 en 480.000 árið 2009 sem samsvarar því að öll íslenska þjóðin hafi farið 1,5 sinnum í strætó á Akureyri það árið. Taflan að neðan sýnir þróunina hjá Strætisvögnum Akureyrar 2007-2009.

	Árið 2007	Árið 2008	Árið 2009
Farþega fjöldi	330,000	440,000	480.000
Eknir km.	275,000	260,000	256.000
Farþegar á km.	1,25	1,69	1,88
Fjöldi bíðskýla	43	44	44



## PÚSUND KALL MEÐ HÚNA

Ákveðið hefur verið að lækka verðið í hinar bráðskemmtilegu „Sögusiglingar“ með Húna II. Nú kostar aðeins 1.000 kr. að fara í siglingu með leiðsögumanni um innanverðan fjörðinn og ókeypis er fyrir yngri en 16 ára og eldri en 67 ára. Brottfarir eru frá Torfunefi kl. 20.00 öll föstudagskvöld í júlí og á föstudagskvöldum í ágúst til og með 20. ágúst.



## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Orri Stefánsson er forstöðumaður Vinnuskólans á Akureyri. Hann er fæddur og uppalinn á Akureyri og hefur starfað hjá Akureyrarbæ í fullu starfi síðustu þrjú árin, fyrsta árið sem kennari í Oddeyrarskóla en hjá Vinnuskólanum síðustu tvö árin. Áður starfaði Orri sem flokkstjóri og verkstjóri hjá Vinnuskólanum á sumrin. Hann er menntaður kennari og helstu áhugamál hans eru íþróttir, aðallega fótbolti og handbolti, en auk þess kann hann vel að meta góða útivist og samverustundir með fjölskyldunni.

### En í hverju skyldi starfið helst vera fólgið?

„Starf mitt er aðallega fólgið í því að skipuleggja starfsemi Vinnuskólans sem fer að mestu leyti fram yfir sumartímann en þá erum við með um 800 ungmenni á aldrinum 14-25 ára í vinnu. Auk þess að sjá um Vinnuskóla fyrir unglinga á aldrinum 14-16 ára þá höldum við einnig utan um sumarvinnu fyrir ungmenni á aldrinum 17-25 ára og sumarvinnu með stuðningi. Þannig að vorið og sumartíminn eru mestu álagstímabilin hjá mér í vinnunni en yfir vetrarmánuðina þá fer mestur tíminn í að halda utanum starfstengt nám sem Vinnuskólinn er með í samvinnu við grunnskóla bæjarins, auk þess að skipuleggja komandi sumar. Helstu verkefni Vinnuskólans eru að hreinsa beð, tína rusl og stinga upp njóla. Þess má geta að á síðasta sumri fóru um það bil 16 þúsund vinnustundir í þessa þrjú liði.“

### Hvað er skemmtilegast og hvað leiðinlegast við starfið?

„Það sem er skemmtilegast við þetta starf er að vera í kringum og vinna með öllu þessu skemmtilega fólki. Leiðinlegast við starfið er þegar upp koma vandamál þar sem unglingarnir finna sig ekki í þeim verkum sem þeim hefur verið úthlutað.“

### Hver er helsti kosturinn við að búa á Akureyri?

„Helsti kosturinn við að búa á Akureyri er stærðin á bænum, stutt í alla þjónustu og hér er allt sem þarf fyrir fjölskyldur og einstaklinga.“